

# DALSKÓLI

## YTRA MAT Á SKÓLA- OG FRÍSTUNÐASTARFI



Júní 2015

**Ritun skýrslu:**

Björk Ólafsdóttir, ritstjóri

Auður Ævarsdóttir

Birna Sigurjónsdóttir

Sigríður Sigurðardóttir

Sigrún Einarsdóttir

Steingerður Kristjánsdóttir

Póra Melsted

**Töflur og myndir:**

Hildur Björk Svavarsdóttir

Sara Björg Ólafsdóttir

## EFNISYFIRLIT

Dalskóli .....	1
Ytra mat á skólasterfi .....	1
Samantekt - Greining á skólasterfi í Dalskóla .....	4
Styrkleikar .....	4
Tækifæri til umbóta .....	5
Niðurstöður yfirlit .....	6
Inngangur .....	7
Dalskóli.....	7
Árangur nemenda - yfirlit .....	8
Stjórnun.....	9
Fagleg forysta.....	9
Stefnumótun og skipulag .....	10
Uppeldi og menntun á leikskóladeildum .....	11
Uppeldis- og menntastarf .....	11
Leikskólabragur.....	12
Nám og kennsla.....	13
Nám og námsaðstæður .....	13
Þátttaka og ábyrgð nemenda - Námsaðlögun .....	14
Vettvangsheimsóknir í kennslustundir í Dalskóla .....	15
Skólabragur.....	17
Frístundastarf .....	18
Frístundastarf.....	18
Staðarbragur .....	19
Mannauður .....	20
Innra mat.....	21
Fylgiskjal 1 .....	22

### STYRKLEIKAR

- Stjórnendur, þar með talinn forstöðumaður frístundar, eru faglegir leiðtogar og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna stjórnunarhætti.
- Mikil ánægja er með alla stjórnendur að því er fram kom í rýnihópum, þeir eru sýnilegir og starfsfólk, foreldrar og nemendur eiga greiðan aðgang að þeim.
- Stjórnendur leggja sig fram um að viðhalda góðum starfsanda og vellíðan starfsfólks.
- Stefna skólans er skýr, starfsmenn og foreldrar þekkja hana og hún endurspeglast í öllu starfi.
- Skólinn hefur sett sér hornsteina sem byggja á grunnþáttum aðalnámskrár.
- Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar á ári og niðurstöður þeirra skráðar.
- Mótuð hafa verið viðmið um gæði kennslu og skólastjóri gefur endurgjöf á grundvelli þeirra.
- Virkt samstarf er á milli allra starfsmanna og fundir til að ræða fagleg málefni eru reglulegir.
- Samstarf í skóla- og frístundastarfinu einkennist af jákvæðum samskiptum, virðingu og gagnkvæmu trausti.
- Samvinna milli starfseininga er til fyrirmyndar, s.s. aðlögun leikskólalabarna í grunnskóla- og frístundastarfið.
- Starfsandi er góður og starfsfólki líður almennt vel í vinnunni og finnst hæfni þeirra og styrkleikar nýtast vel í starfinu.
- Markvisst er unnið að þróun skólastarfsins með fjölbreyttum þróunarverkefnum með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Símenntun miðar að því að efla starfsmenn í starfi, stjórnendur hvetja starfsfólk og veita því svigrúm til þátttöku í símenntun og þróunarstarfi.
- Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra og verklag um að allir háskólamenntaðir starfsmenn taki þátt í starfendarannsóknnum er til fyrirmyndar.
- Til fyrirmyndar er verklag um skráningu eftir hverja smiðju sem felur í sér markmið, framkvæmd og mat.
- Til fyrirmyndar er það viðhorf að allt starfsfólk eigi öll börn Dalskóla og sé inni í málefnum þeirra.
- Samskipti við börnin einkennast af umhyggju, virðingu og jákvæðni. Þau fá markvissa þjálfun í jákvæðum samskiptum í gegnum verklag um jákvæðan aga og læra að leysa vandamál á ákveðinn hátt.
- Vel er stutt við sjálfsprottunar athafnir, áhuga og námshvöt leikskólalabarna, hlustað er á raddir þeirra og þau studd í að útfæra hugmyndir sínar og hafa áhrif á nám sitt.
- Vel er haldið utan um nám og framfarir leikskólalabarna í persónumöppum.
- Meirihluti kennslustunda í grunnskóla sem fylgst var með sýna fagmennsku kennara. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og mikið er unnið að samþættum og heildstæðum verkefnum. Nemendur fá marvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og -leiðum. Námsmat er fjölbreytt.
- Mikil áhersla er á tónlistarkennslu og daglegur samsöngur er til fyrirmyndar.
- Nemendastýrð námsviðtöl við foreldra, svo kölluð handraðaviðtöl, eru til fyrirmyndar.
- Frístundastarf er samofið daglegu skólastarfi.
- Í frístundastarfinu er vel komið til móts við ólíkar þarfir og áhugasvið barnanna og tekið er tillit til óska þeirra um hvað er í boði hverju sinni.
- Markvisst er unnið með barnaráð í frístundastarfinu og börnin hafa greiðan aðgang að starfsfólki með hugmyndir sínar.
- Þátttaka starfsmanna í leik og viðfangsefnum barnanna í frístundastarfinu er til fyrirmyndar.
- Samstarf heimila og skóla er gott og foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingamiðlun um leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarf.
- Fjölbreyttar gagnaöflunaraðferðir eru notaðar í innra mati og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Niðurstöður eru kynntar hagsmunaaðilum og brugðist er við þegar umbóta er þörf.

## TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Skrá starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna.
- Leita áfram leiða til að tryggja leikskólakennurum umsaminn undirbúningstíma.
- Leita leiða til að bæta upplýsingaflæði innanhúss.
- Skrá verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Birta inntak/kafla skólanámskrár á heimasíðu undir yfirheitinu *skólanámskrá*.
- Ljúka við að vinna námsvísa/námskrár í öllum námsgreinum og fyrir alla árganga og birta á heimasíðu.
- Skrá þarf hvernig bregðast á við niðurstöðum skimana og mats.
- Í starfsáætlun Dalskóla komi betur fram áherslur í frístundastarfi á starfsárinu út frá stefnu skólans og starfsskrá frístundamiðstöðva með aðkomu barna, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila.
- Gera markmiðin með frístundastarfinu sýnilegri.
- Skerpa á verklagi í kringum upplýsingagjöf og fræðslu fyrir nýja starfsmenn.
- Leggja enn meiri áherslu á að stuðningur leikskólabarna fari fram í barnahópnum.
- Vinna markvisst að því að leikskólabörnin setji sér markmið og fái tækifæri til að meta nám sitt.
- Gæta þarf að því að tíminn í löngum lotum í grunnskólanum sé vel nýttur.
- Auka þarf enn frekar áherslu á að nemendur setji sér markmið í námi. Gera þarf markmið kennslustunda og viðfangsefna sýnileg og kynna þau fyrir nemendum og einnig viðmið um árangur.
- Auka mætti áherslu á að nemendur velji sér viðfangsefni úr frá sínu áhugasviði og leggja aukna áherslu á að gera nemendur meðvitaða um styrkleika sína og þarfir í námi.
- Huga að því að gera upplýsingar um leikskóla- og frístundastarf aðgengilegri á heimasíðu og uppfæra reglulega.
- Gera helstu upplýsingar um skólann á heimasíðu aðgengilegar á fleiri tungumálum en íslensku.
- Virkja börn til þátttöku í að setja reglur/viðmið.
- Leiðbeina betur stuðningsaðilum um hlutverk sitt í kennslustundum.
- Gera áætlun um innra mat til lengri og skemmri tíma og meta markvisst öll markmið skólanámskrár með hliðsjón af viðmiðum um árangur og gæði.
- Stofna matsteymi með fulltrúum helstu hagsmunaaðila.

## NIÐURSTÖÐUR YFIRLIT

Myndirnar sýna meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun		Mannauður	Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Mannauður	Framkvæmd	Umbótastarf
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skóla-námskrá	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður	Skipulag og framkvæmd	Opinber birting og umbætur
Stjórnun stofnunnar	Skóladagur nemenda	Viðhorf til stjórnunar	Gagnaöflun og vinnubrögð	
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir	Samstarf og upplýsingamiðlun		
Skólaþróun	Skólaráð og foreldrafélag			

Leikskólastarf		Grunnskólastarf			Frístundastarf	
Uppeldi og menntun	Leikskóla-bragur	Nám og aðstæður	Þátttaka og námsaðlögun	Skólabragur	Frístundastarf	Staðarbragur
Skipulag og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Líðan nemenda	Skipulag og starfs-aðstæður	Viðmót og menning
Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Skipulag og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	Uppeldi og menntun	Velferð og líðan barna
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	Kennslu-hættir og gæði kennslu	Nám við hæfi allra nemenda		Starfshættir og viðfangsefni	Foreldra-samstarf
Námssvið leikskóla	Viðhorf foreldra	Námhættir og náms-vitund	Stuðningur við nám		Virk þátttaka og lýðræði	
Leikskóli án aðgreiningar					Mannréttindi og margbreytileiki	
Mat á námi og velferð barna						

## INNGANGUR

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats í Dalskóla sem fram fór í apríl og maí 2015. Matið var framkvæmt af teymi starfsfólks á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfraði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og mannauðsþjónustu.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Dalskóli yrði einn af þeim skólum sem metinn yrði í ytra mati á skólastarfi skólaárið 2014-2015. Gagna var aflað með könnunum, viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið. Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 6. bekk þar sem svarhlutfallið var 71% og í 7./8. bekk, þar sem svarhlutfallið var 100%. Byggt var á viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar, þar sem svarhlutfall í Dalskóla var 83%.

Leiðarljós við matið er:

- **Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess eru að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Aðstoða skóla við að efla skóla- og frístundastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans
- Veita skóla- og frístundayfirvöldum upplýsingar um gæði skóla- og frístundastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í skóla- og frístundamálum

Matið er liður í því að styðja við skóla- og frístundastarf og kemur til viðbótar innra mati skólanna. Við matið voru notuð viðmið um mat á gæðum grunnskóla, viðmið um gæði í leikskólastarfi og viðmið um gæði frístundastarfs. Viðmiðin fyrir leikskólastarfið voru mótuð á skóla- og frístundasviði. Þau eru aðgengileg á slóðinni: [http://reykjavik.is/sites/default/files/1\\_vidmid\\_og\\_visbendingar\\_2\\_prentun.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/1_vidmid_og_visbendingar_2_prentun.pdf). Viðmiðin fyrir frístundastarfið voru mótuð á skóla- og frístundasviði. Þau eru enn í vinnslu og áætlað er að gefa þau út seinna á árinu 2015 en drögin má finna hér:

[http://innri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Vi\\_mi\\_og\\_v\\_sbendingar\\_-\\_lokaskjal\\_2014.pdf](http://innri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Vi_mi_og_v_sbendingar_-_lokaskjal_2014.pdf)

Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á grunnskólastarfið voru útbúin fyrir ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau má finna hér:

<http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>.

Í köflum um stjórnun, mannauð og innra mat voru viðmið leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs sameinuð þannig að í skýrslunni er fjallað sameiginlega um þessa þætti starfsins. Kaflar um faglegt starf, staðarbrag og foreldrasamstarf eru aðskildir fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili.

## DALSKÓLI

Dalskóli hóf starfsemi sína árið 2010. Skólastjóri Dalskóla er Hildur Jóhannesdóttir og aðstoðarskólastjórar eru Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir og Kári Garðarsson. Forstöðumaður frístundaheimilis er Ragnheiður Erna Kjartansdóttir.

Veturinn 2014-15 eru 130 nemendur í Dalskóla í 8 bekkjardeildum í 1.- 8. bekk. Í skólanum starfa 50 starfsmenn skólaárið 2014-2015 í 42 stöðugildum, þar af 9 leikskólakennarar í alls 8 stöðugildum og 14 grunnskólakennarar í alls 13,6 stöðugildum. Auk þess er sérkennari í 0,8 stöðugildi.

## ÁRANGUR NEMENDA - YFIRLIT

Meðaltalsárangur í samræmdum prófum í stærðfræði í 4. bekk í Dalskóla sl. þrjú ár er rétt um meðaltal Reykjavíkur en árangur í íslensku sveiflast nokkuð milli ára. Meðaltalsárangur í samræmdum prófum í 7. bekk 2014 var ekki birtur þar sem nemendafjöldi er undir 10. Árið 2013 var árangur nemenda í 7. bekk Dalskóla um meðaltal Reykjavíkur í íslensku en aðeins undir í stærðfræði.

### Samræmd könnunarpróf - meðaltöl

	2012	2013	2014
<b>4. bekkur</b>			
Íslenska	30,2	20,6	29,6
<i>Reykjavík</i>	<i>30,5</i>	<i>30,8</i>	<i>30,5</i>
Stærðfræði	30,7	29,2	29,1
<i>Reykjavík</i>	<i>29,9</i>	<i>30,6</i>	<i>30,3</i>
<b>7. bekkur</b>			
Íslenska		30,6	
Framfarastuðull íslenska		-	
<i>Reykjavík</i>		<i>30,8</i>	
Stærðfræði		27,7	
Framfarastuðull stærðfræði		-	
<i>Reykjavík</i>		<i>30,6</i>	

Í lesskimun í 2. bekk árið 2014 var hlutfall þeirra nemenda sem lesa sér til gagns aðeins yfir meðaltali í grunnskólum Reykjavíkur. Sjá má að hlutfallið hækkar mjög milli árunna 2012 og 2013.

Hlutfall nemenda í 3. bekk sem aðeins tóku 1. þrep í stærðfræðiskimun í Talnalykli var einnig aðeins yfir meðaltali borgarinnar en árangur sveiflast nokkuð á milli ára. Sveiflurnar má að einhverju leyti rekja til þess hve hópar eru litlir.

### Lesskimun og talnalykill

	2011	2012	2013	2014
<b>Lesskimun 2. bekkur</b>				
Hlutfall sem les sér til gagns	29%	33%	60%	69%
<i>Reykjavík</i>	<i>71%</i>	<i>69%</i>	<i>63%</i>	<i>66%</i>
<b>Talnalykill 3. bekkur</b>				
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta	58%	56%	27%	79%
<i>Reykjavík</i>	<i>73%</i>	<i>76%</i>	<i>75%</i>	<i>73%</i>

Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, þar sem byrjað er á stjórnun, því næst fjallað um nám og kennslu, uppeldi og menntun, frístundastarfið, mannauð og að lokum innra mat.



## STJÓRNUN

Viðmiðum um stjórnun er hér á eftir skipt í tvo meginkafla: *Faglega forystu og stefnumótun og skipulag*. Viðmið um gæði starfsins eru tekin frá grunnskóla, leikskóla og frístundastarfi. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Dalskóla.

## FAGLEG FORYSTA

Samantekt úr köflunum: *Stjórnandinn sem leiðtogi, stjórnun stofnunar, faglegt samstarf og skólaþróun*.

### STYRKLEIKAR

Stjórnendur í Dalskóla eru sýnilegir í daglegu starfi og leggja sig fram um að eiga jákvæð samskipti við nemendur, foreldra og starfsmenn svo til fyrirmyndar er. Aðgengi að þeim er gott að mati foreldra og þeir eru sýnilegir í skólanum. Samskipti foreldra og stjórnenda eru persónuleg og vel er tekið á móti foreldrum þegar þeir koma í skólann. Að mati starfsmanna eru skólastjóri og aðrir stjórnendur faglegir leiðtogar, hafa skýra framtíðarsýn og hvetja til faglegs samstarfs innan vinnustaðarins. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna stjórnun og samstarf og starfsfólki finnst það hafa mikil áhrif á innihald, skipulag og framkvæmd starfsins. Í rýnihópi frístundaleiðbeinenda kom fram ánægja með forstöðumann frístundahluta sem hvetur þá markvisst til að nýta hæfileika sína og styrkleika í starfinu.

Markvisst er unnið að jákvæðum samskiptum og trausti milli aðila skólasamfélagsins og foreldrar og börn eru virkir samstarfsaðilar skóla. Innleiddur hefur verið *jákvæður agi* til að styðja við góðan skólabrag og starfsfólk segir starfsandann góðan á öllum starfsstöðvum.

Í Dalskóla mynda aðilar skólasamfélagsins saman lærdómssamfélag. Stjórnendur hvetja til og veita svigrúm fyrir þróunarstarf og skapa starfsfólki svigrúm til símenntunar. Markvisst hefur verið unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum frá stofnun skólans. Má þar t.d. nefna *smiðjur*, sem eru vikulega á dagskrá allra bekkja og deilda leikskólans og eru notaðar til samvinnu milli árganga og til að vinna að heildstæðum, samþættum verkefnum. Með þátttöku alls starfsfólks eru smiðjuskýrslur unnar eftir hverja smiðju sem fela í sér markmið, framkvæmd og mat. Er þessi vinna til fyrirmyndar og öðrum til eftirbreytni. Annað þróunarstarf sem einnig er metið til fyrirmyndar felst í að allir háskólamenntaðir starfsmenn Dalskóla taka þátt í *starfendarannsóknum* sem hluta af sinni símenntun. Árlegur starfendarannsóknardagur er haldinn þar sem allir kynna sína rannsókn.

Starfsfólk fær endurgjöf á störf sín. Starfsþróunarsamtöl eru haldin tvisvar á ári auk þess sem skólastjóri fylgist reglulega með kennslu allra kennara í grunnskóladeild og gefur endurgjöf út frá viðmiðum um góða kennslustund sem kennarahópurinn vann í sameiningu. Mikið er leitað eftir samstarfi við aðila utan skólans.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Miðað við það sem fram kom í rýnihópum og viðtölum þarf að skrá starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna til að verkaskipting sé öllum ljós. Þá þarf að skerpa verklag í kringum móttöku nýrra starfsmanna.

Huga þarf að upplýsingastreymi innan skólans en í rýnihópum og viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar kemur fram að upplýsingastreymi er stundum ábótavant.

Áfram þarf að leita leiða til að tryggja deildarstjórum í leikskóla umsaminn undirbúningstíma.

## STEFNUMÓTUN OG SKIPULAG

Samantekt úr köflunum: *Starfsáætlun og skólanámsskrá, skóladagur nemenda, verklagsreglur og áætlanir og skólaráð og foreldrafélag.*

### STYRKLEIKAR

Stefna skólans er skýrt fram sett í starfsáætlun og á heimasíðu. Aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnuna og segja hana endurspeglast í öllu starfi skólans. Starfsfólk og foreldrar tóku þátt í að móta stefnu skólans og verið er að vinna að mótun einkunnarorða með þátttöku starfsfólks, foreldra og nemenda. Vikulega sendir skólastjóri upplýsingapóst til starfsfólks sem er sambland af upplýsingagjöf og fræðslu í tengslum við stefnu og áherslur skólans.

Starfsáætlun Dalskóla er vel unnin og ítarleg og endurspeglar kröfur aðalnámskrár og áherslur Reykjavíkurborgar. Í starfsáætlun er skýr tenging við grunnþætti menntunar sem aðalnámskrá leik- og grunnskóla leggur áherslu á. Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma skóla, skóladagur nemenda er samfelldur og vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Í 1.-4. bekk er skóladagurinn brotinn upp með frístundastarfi.

Allar lögbundnar áætlanir sem lúta að nemendum skólans liggja fyrir, svo sem móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, nemendur með sérþarfir og nemendur af erlendum uppruna, eineltisáætlun, forvarnarstefna og áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna nemendur sem þurfa aðstoð, félagslega og í námi. Vel er haldið utan um upplýsingar um daglega starfsemi frístundaheimilisins.

Skólaráð fundar reglulega og fulltrúar nemenda eru þar fullgildir þátttakendur. Skólaráð og foreldrafélag styðja vel við skólastarfið.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Vinna þarf verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum.

Gera þarf áherslur í frístundastarfi sýnilegri í starfsáætlun Dalskóla út frá stefnu skólans og starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs með aðkomu barna, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila.

Æskilegt er að skólaráð skrái starfsáætlun sína og vinnureglur.

## UPPELDI OG MENNTUN Á LEIKSKÓLADEILDUM

Viðmiðum um uppeldi og menntun á leikskóladeildum er skipt í tvo meginkafla: *Uppeldis- og menntastarf og leikskólabragur*. Hér á eftir fer samantekt á niðurstöðum fyrir leikskólahluta Dalskóla.

### UPPELDIS- OG MENNTASTARF

Samantekt úr köflunum: *Skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshættir, leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna, námssvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans og mat á námi og velferð barna.*

### STYRKLEIKAR

Í leikskólahluta Dalskóla fléttast uppeldi og menntun saman og vel er stutt við námshvöt barnanna, s.s. í hringekju, smiðjuvinnu og sjálfsprottnum athöfnum. Börnin fá viðfangsefni sem hæfa áhuga þeirra, aldri og þroska. Húsnæði Dalskóla, útisvæði og nánasta umhverfi er nýtt markvisst til náms og leikja.

Skráningar á námsferli barna sýna að hlustað er á raddir þeirra, þau hafa áhrif á nám sitt og eru studd í að útfæra hugmyndir sínar.

Unnið er markvisst með öll námssvið leikskóla og smiðjuskýrslur gefa góða mynd af námsferli og faglegu starfi. Náíð samstarf er í námi og kennslu 5 og 6 ára barna og er húsnæði og umhverfi vel nýtt til náms og samstarfs á milli deilda og skólastiga.

Góð samvinna er á milli starfsfólks sem á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og myndar tengsl við þau í gegnum leik og nám.

Börn sem þurfa sérstakan stuðning fá hann og starfsfólk deilir ábyrgð á námi þeirra og velferð. Unnar eru áætlanir fyrir börn sem þurfa stuðning.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Lagt er til að þátttaka foreldra í mati á börnum verði þróuð og unnið að því að börnin setji sér markmið og fái tækifæri til að meta nám sitt. Gera má þátttöku leikskólabarna í mati á skólastarfi sýnilegri í starfsáætlun skólans.

Leita þarf leiða til að gera efnivið sýnilegri og aðgengilegri með merkingum í hæð barnanna. Einnig að persónumöppur og verk barnanna á veggjum séu í hæð þeirra til að auðvelda aðgengi þeirra að þeim. Auka má við ritmál á deildum.

Leggja þarf áherslu á að stuðningur og einstaklingsþjálfun fari sem mest fram í barnahópnum og minna í sérrýmum. Virkja má foreldra betur í gerð einstaklingsnámskráa og nýta þær betur sem vinnuþagg.

## LEIKSKÓLABRAGUR

Samantekt úr köflunum: *Viðmót og menning, velferð og líðan barna, þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra.*

### STYRKLEIKAR

Starfsfólk er samhent í starfi og gagnkvæm virðing og traust ríkir í starfsmannahópnum. Andrúmsloft á leikskóladeildum einkennist af virðingu og jákvæðni sem endurspeglast í verkum og viðhorfum starfsfólks.

Börnunum í Dalskóla líður vel, þau eru glöð og áhugasöm og milli þeirra ríkir virðing og samkennd. Í rýnihópum töldu þau upp marga mikilvæga þætti leikskólastarfsins sem þau eru ánægð með: *listasmíðju, smíðaverkefni, sögustundir, val, spil, stærðfræði, þemastarf (fuglar/skordýr), spjall, læra að skrifa, góðir kennarar, skemmtilegir skólastjórar, vasaljósadagur og söngur.* Sérstaklega mikil ánægja er meðal barnanna með útiveru þar sem þau leika í leiktækjunum og fara í skipulagða leiki.

Áherslur sem leikskólinn stendur fyrir birtast í öllum þáttum daglegs starfs. Leikskólinn er námssamfélag barna og fullorðinna þar sem þekking og færni fá notið sín.

Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir og foreldrar fá reglulega upplýsingar um leikskólastarfið. Lögð er rækt við að byggja upp og viðhalda virku og góðu samstarfi við foreldra og þeir fá reglulega upplýsingar um framfarir barnsins. Að mati foreldra er komið til móts við þarfir og réttindi barna.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Bæta má upplýsingagjöf um leikskólahluta á heimasíðu til samræmis við upplýsingar um grunnskóla- og frístundahluta. Ennfremur mætti gera upplýsingar á heimasíðu aðgengilegar á erlendum tungumálum.

Starfsmannahópurinn ígrundi tilgang og hugsanlegar afleiðingar „jákvæðrar einveru“.

Börnin verði þátttakendur í að búa til reglur.

## NÁM OG KENNSLA

Viðmiðum um nám og kennslu er skipt í fjóra meginkafla: *Nám og námsaðstæður, þátttaka og ábyrgð nemenda, námsaðlögun og skólabragur*. Hér á eftir fer samantekt úr grunnskólahluta Dalskóla.

## NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

Samantekt úr köflunum: *Inntak og árangur, skipulag náms og námsumhverfi, kennsluhættir og gæði kennslu og námshættir og námsvitund*.

### STYRKLEIKAR

Skólanámskrá er virk í notkun í skólanum og endurskoðuð reglulega. Grunnþáttum menntunar úr aðalnámskrá eru gerð góð skil í umfjöllun um hornsteina í starfsáætlun.

Rúmlega 80% af þeim kennslustundum sem metnar voru töldust góðar eða frábærar sem sýnir fagmennsku kennara. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla er á samþættingu námsgreina. Samfélags- og náttúrugreinar, ásamt öðrum greinum, eru kenndar í smiðjum þar sem unnið er með sérstakt þema yfir ákveðið tímabil. Hefðbundnir námshópar eru stokkaðir upp í smiðjunum. Sköpun og tjáningu er gert hátt undir höfði í skólanum, meðal annars með mikilli áherslu á tónlistarkennslu. Daglegur samsöngur allra nemenda undir stjórn skólastjóra er til fyrirmyndar.

Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og bera stigvaxandi ábyrgð á að velja sér viðfangsefni. Á vettvangi sást að upplýsingatækni er markvisst nýtt til náms hjá eldri nemendum.

Námsmat er fjölbreytt þar sem nemendur eru meðal annars þjálfaðir í að meta eigin vinnu. Námsviðtöl eru þrisvar á ári.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Gera þarf skólanámskrá sýnilegri á heimasíðunni en almennur hluti hennar er felldur undir starfsáætlun. Birta þarf allar námskrár bekkja/hópa á heimasíðu.

Gæta þarf að því að tíminn í löngum vinnulotum sé vel nýttur. Á vettvangi bar á því að það tók of langan tíma að koma vinnu nemenda af stað. Á vettvangi kom ennfremur í ljós að betur mætti gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda en þau voru kynnt eða gerð sýnileg í 36% þeirra stunda sem fylgst var með.

Auka mætti áherslu á að nemendur velji sér viðfangsefni úr frá sínu áhugasviði og leggja mætti aukna áherslu á að gera nemendur meðvitaða um styrkleika sína og þarfir í námi.

## ÞÁTTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA - NÁMSAÐLÖGUN

Samantekt úr köflunum: *Lýðræðisleg vinnubrögð, ábyrgð og þátttaka, nám við hæfi allra nemenda og stuðningur við nám.*

### STYRKLEIKAR

Nemendur sem þátt tóku í könnun eru ánægðir með námið í skólanum. Nemendur er hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi og framkomu, meðal annars í gegnum jákvæðan aga.

Bekkjargundir eru haldnir þar sem nemendur geta komið fram með sínar skoðanir á skólastarfinu og fulltrúar nemenda í skólaráði sitja alla fundi ráðsins.

Foreldrum er gert kleift að fylgjast með námsframvindu barna sinna. Til fyrirmyndar er að einu sinni á ári stýra nemendur námsviðtali við foreldra sína þar sem farið er yfir verkefni sem nemendur hafa safnað í námsmöppur, svonefndan handraða.

Markvisst er fylgst með námi og framförum nemenda. Fagmenntaðir starfsmenn bera ábyrgð á sérstökum stuðningi í námi og sá stuðningur fer að mestu fram inni í bekk/hópi.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Auka þarf enn frekar áherslu á að nemendur setji sér markmið í námi. Gera þarf markmið kennslustunda og viðfangsefna sýnileg og kynna þau fyrir nemendum og einnig viðmið um árangur.

Leita þarf leiða til að virkja yngri nemendur til þátttöku í nemendafélaginu en stjórn þess er kosin og mönnuð af nemendum í 7. og 8. bekk. Einnig þarf að huga að markvissari þjálfun þeirra nemenda sem starfa í skólaráði.

Skrá þarf hvernig bregðast á við niðurstöðum skimana og mats og huga að samræmingu á framsetningu einstaklingsnámskráa.

## VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í KENNSLUSTUNDIR Í DALSKÓLA


Í skólaheimsókn í Dalskóla voru alls 14 kennslustundir heimsóttar og metnar út frá viðmiðum um gæði stundarinnar. Stundin er metin góð þegar flestir nemendur ná tókum á viðfangsefni stundarinnar og flestir fá verkefni við hæfi, hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir<sup>1</sup>. Meirihluti þeirra stunda sem voru heimsóttar í Dalskóla voru metnar góðar eða frábærar, tvær voru metnar að þyrfti að bæta og tvær stundir voru ekki metnar.

Mat á kennslustund	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	2	14%
Góð	8	57%
þarf að bæta	2	14%
Ekki metið	2	14%
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>100%</b>

Einnig var skoðað hvaða kennsluaðferð/ir og vinnubrögð voru notuð í stundinni. Oftast var merkt við fleiri en eitt atriði þannig að í þessum 14 stundum voru 24 merkingar. Oftast voru nemendur að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, merkt var við það í 8 stundum af 14, eða 57% tilvika. Þá var merkt við sköpun og tjáningu í 43% stundanna og innlögn eða beina kennslu í 36% stundanna, sjá töflu hér að neðan.


Kennsluaðferð	Fjöldi merkinga	Hlutfall stunda
Verkefnavinna	8	57%
Sköpun og tjáning	6	43%
Innlögn	5	36%
Sjálfstæð vinna / eigið val	2	14%
Verklegt	1	7%
Markviss samvinna	1	7%
Bekkjarfundur	1	7%

Skoðað var hvort nemendur væru að vinna hver að sínu verkefni eða saman í pörum eða hópum að sameiginlegri lausn eða skilum. Eins og sjá má á myndinni hér að neðan var einstaklingsvinna í rúmlega helmingi stundanna og samvinna nemenda í 28% stundanna.



<sup>1</sup> Sjá nánari lýsingu í fylgiskjali: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Notkun á upplýsingatækni í námi og/eða kennslu var sérstaklega skoðuð. Í 57% stundanna var upplýsingatækni nýtt af annað hvort kennara/um eða nemendum. Kennarar notuðu upplýsingatækni í 36% stundanna, nemendur í 14% stunda og í 7% stunda nýttu bæði nemendur og kennari upplýsingatækni eins og sjá má á myndinni hér að neðan.




Lagt var mat á sjálfstæði nemenda í vali á verkefnum, þ.e. hvort kennari ákveður verkefni eða nemendur hafa val um verkefni eða útfærslu. Kennari ákvað verkefni í flestum þeirra stunda sem heimsóttar voru, eða í 64% þeirra, nemendur í 14% þeirra og í 21% stundanna ákváðu bæði kennari og nemendur verkefni stundarinnar eins og sjá má í töflunni hér að neðan.

Val á verkefnum	Fjöldi	Hlutfall
Kennari velur verkefni	9	64%
Nemandi velur verkefni	2	14%
Bæði nemandi og kennari velja	3	21%
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>100%</b>

Auk þess var skráð sérstaklega ef nemendur höfðu val um útfærslu verkefna en það átti við í um 44% stundanna. Í um helmingi stunda var það var það kennari sem stýrði útfærslu verkefna og í einni stund var það bæði kennari og nemendur sem völdu útfærslu.

Þá var skoðað hvort markmið stundarinnar hefði verið sýnilegt eða kynnt fyrir nemendum og það var gert í 36% stundanna eins og sjá má á myndinni hér að neðan.





## SKÓLABRAGUR

Samantekt úr köflunum: *Líðan nemenda og þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun.*

### STYRKLEIKAR

Skólabragur einkennist af jákvæðum anda samstarfs og virðingar. Nemendur fá markvissa þjálfun í jákvæðum samskiptum í gegnum verklag um jákvæðan aga og læra að leysa úr vandamálum sem upp koma á ákveðinn hátt.

Líðan nemenda og samskipti eru metin reglulega. Nemendur, sem þátt tóku í könnun, telja sig örugga í skólanum og eru ánægðir með samskipti við starfsfólk og samnemendur. Þeim finnst kennarar og starfsfólk góð í að stöðva stríðni og einelti.

Sérstök áhersla er lögð á samstarf heimila og skóla og áætlun um foreldrasamstarf er vel unnin. Markvisst er leitað eftir tillögum foreldra um skólastarfið og foreldrar hafa tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í námi barna sinna. Skipulagðar foreldraheimsóknir, til dæmis við lok hvernar smíðju, eru reglulegur þáttur í skólastarfinu. Upplýsingamiðlun til foreldra er mjög góð.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Móta þarf verklag til að meta og bregðast við þegar nemendur búa við líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi og skoða hvort skýra þarf verkferla um hvernig tekið er á málum nemenda með hegðunarvanda.

Huga þarf að því að setja upplýsingar á erlendum tungumálum á heimasíðu skólans.

## FRÍSTUNDASTARF

Viðmiðum um frístundastarf er skipt í tvo meginkafla: *Frístundastarf og staðarbragur*. Hér fer á eftir samantekt úr frístundahluta Dalskóla, Úlfabyggð.

## FRÍSTUNDASTARF

Samantekt úr köflunum: *Skipulag starfs og starfsaðstæður, uppeldi og menntun, starfshættir og viðfangsefni, virk þátttaka og lýðræði og mannréttindi og margbreytileiki*.

### STYRKLEIKAR

Velferð og líðan barna er höfð að leiðarljósi í öllu starfi í Úlfabyggð. Að sögn starfsmanna er markvisst unnið að því að efla sjálfsmynd barnanna, félagsfærni, virkni og þátttöku. Frjálsa leiknum er gefið mikið vægi auk þess sem smíðjur og skipulagt starf er fastur liður í dagskránni. Vel er komið til móts við ólíkar þarfir og áhugasvið barnanna. Börnin fá jöfn tækifæri og hlutdeild í starfinu.

Áhersla er lögð á góða umgengni og að börnin beri ábyrgð á eignum sínum og annarra. Hugað er sérstaklega að því að börnin geti haft áhrif á viðfangsefni frístundaheimilisins og þau hafa greiðan aðgang að starfsfólki með hugmyndir sínar. Unnið er markvisst með barnaráð.

Samstarf starfsmanna er að þeirra sögn mjög gott, góður starfsandi og verkaskipting skýr. Andrúmsloft er afslappað og frjálst. Umhyggja og virðing einkenna samskipti starfsfólks og barna. Gott samstarf er við sérkennara skólans til að styðja sem best við þau börn sem þurfa sértækan stuðning. Samstarf við leikskólann er til fyrirmyndar varðandi aðlögun barna í frístundaheimilið.

Útisvæði og nágrenni frístundaheimilisins er kjörinn vettvangur fyrir uppgötvunar- og reynslunám. Samnýting á húsnæði er góð og hafa starfsmenn og börn greiðan aðgang að sérgreinastofum, til dæmis í smíðjustarfi.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Bæta mætti merkingar á húsnæði frístundaheimilisins og efnivið. Huga mætti að endurnýjun húsbúnaðar sem er orðinn lúinn.

Huga má að meiri fjölbreytni og vali í síðdegishressingu. Þá er lagt til að börnin fái diska undir síðdegishressinguna til að gæta að hreinlæti og gera máltíðina meira aðlaðandi.

Hvatningu um hreinlæti mætti bæta með því að setja leiðbeiningar á salerni í hæð barnanna.

Æskilegt er að huga að móttöku og upplýsingum fyrir börn/foreldra með annað móðurmál en íslensku og vinna markvisst með fjölmenningu og jafnrétti. Vinna má markvissar með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fræða börn um réttindi sín og annarra barna.

Efla mætti börnin í að koma fram og tjá sig á vettvangi frístundaheimilisins.

Sóknarfæri felst í því að nýta umhverfið á markvissan hátt til útilífs, sjálfstæðis, óformlegs náms og sköpunar.

## STAÐARBRAGUR

Samantekt úr köflunum: *Viðmót og menning, velferð og líðan barna og foreldrasamstarf.*

### STYRKLEIKAR

Staðarbragur í Úlfabyggð einkennist af gagnkvæmri virðingu, samkennd og samábyrgð allra sem að starfinu koma. Starfinu er lýðræðislega stjórnað af forstöðumanni, að sögn starfsmanna. Starfsfólk telur að þekking og hæfileikar þeirra fái að njóta sín og að allir hafi möguleika á að koma með hugmyndir og sé treyst til að taka ákvarðanir. Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína sem jákvæðar fyrirmyndir. Það hefur komið sér saman um hvernig haga skuli starfinu og er samstíga í að fylgja ákvörðunum eftir. Starfsfólk hvetur börnin til að takast á við áskoranir og ágreining á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Foreldrar eru, samkvæmt foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs, framúrskarandi ánægðir með viðmót starfsfólks og samskipti. Meirihluti foreldra telur að dvöl á frístundaheimilinu hafi jákvæð félagsleg áhrif á börnin og að þeim líði vel þar. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingaflæðið sem er til fyrirmyndar.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Skoða mætti að uppfæra heimasíðu oftár og gera upplýsingar frá Úlfabyggð aðgengilegri þar.

Huga mætti að notkun samfélagsmiðla í samskiptum við foreldra.

Fram kom að foreldrar er óánægðir með húsnæði og aðstöðu frístundaheimilisins.

## MANNAUÐUR

Viðmiðum um mannauð er skipt í þrjá undirkafla: *Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað, viðhorf til stjórnunar og samstarf og upplýsingamiðlun*. Fjallað er sameiginlega um mannauð leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis og stuðst við viðmið um gæði í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.

### STYRKLEIKAR

Fram kom í rýnihópum og í viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar að góður starfsandi er í Dalskóla, starfsmenn eru ánægðir með samskipti, telja þau einkennast af jákvæðni, virðingu og jafnræði og þeim líður vel í vinnunni. Starfsmönnum finnst þekking þeirra, hæfni og styrkleikar nýttir og að þeir séu metnir að verðleikum af yfirmönnum og öðru samstarfsfólki. Vel er tekið á móti nýjum starfsmönnum.

Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg og til fyrirmyndar er það viðhorf í skólanum að allir starfsmenn láti sig öll börn varða. Í rýnihópum starfsmanna kom fram að allir starfsmenn taka þátt í faglegri og lýðræðislegri umræðu um starfið og hafa tækifæri til að koma sínum ábendingum og hugmyndum á framfæri. Faglegur metnaður einkennir starf í öllum starfseiningum skólans; leikskóla, grunnskóla og frístund. Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli og styður og hvetur hvert annað. Fundir allra starfseininga eru reglulegir og eru vettvangur faglegra skoðanaskipta.

Mikil ánægja kom fram í öllum rýnihópum starfsfólks með stjórnun skólans, sem einkennist af flötu skipulagi og miklu samráði. Starfsfólki finnst það geta leitað til stjórnenda eftir ráðgjöf og stuðningi. Starfsfólk gengur inn í störf hvers annars ef á þarf að halda og stjórnendur ganga fram með góðu fordæmi ef eitthvað þarf að gera.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Bæta mætti upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna.

### ÁBENDINGAR VARÐANDI AÐBÚNAÐ OG HÚSNÆÐI

Húsnæði, aðbúnaður og vinnuaðstaða var í öllum viðtölum og rýnihópum nefnd sem helsti veikleiki skólans. Var talað um langar boðleiðir í borgarkerfinu til að fá úrlausn vandamála sem snúa að húsnæði, útisvæði og aðbúnaði og bent á að meiri samvinnu vantaði við skólayfirvöld í borginni.

Bentu foreldrar í rýnihópum á óviðunandi aðstæður á haustin þegar bygginga- og lóðaframkvæmdir væru í fullum gangi eftir að skólastarf væri hafið. Þá töldu foreldrar rútuferðir nemenda afar neikvæðar þar sem börnin væru eftirlitslaus í rútum á leið í íþróttir og sund frá og með 5. bekk vegna skorts á fjármagni til að manna gæslu. Ábendingar komu fram hjá foreldrum um skort á áhöldum og námsgögnum, einkum til íþrótta- og lestrarkennslu. Nemendur í rýnihópi gerðu einnig athugasemdir við lítinn bókakost. Í rýnihópum starfsfólks kom fram að húsnæði í tveimur byggingum hindraði samstarf innan skólans.

## INNRA MAT

Viðmiðum um innra mat er skipt í tvo meginkafla: *Framkvæmd innra mats* og *umbótastarf í kjölfar innra mats*. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í leik- og grunnskólastarfi.

### STYRKLEIKAR

Innra mat í Dalskóla er samofið daglegu skólastarfi. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við innra mat og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Niðurstöður innra mats eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum og á starfsmannafundum og í skólaráði eru umræður um þróun og umbætur.

Mótuð hafa verið viðmið um gæði kennslustunda í Dalskóla og heimsækir skólastjóri kennslustundir og veitir endurgjöf út frá viðmiðunum. Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.

Viðmið um árangur og/eða gæði sem stefnt er að í skólastarfinu koma fram í umbótaáætlun.

Sjálfsmatsskýrsla og þróunaráætlun eru skýrt fram settar og birtar á heimasíðu. Niðurstöður mats eru greindar í styrkleika og tækifæri til umbóta og unnið er áfram með þá þætti í þróunaráætlun og brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta er þörf.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Gera þarf áætlun um innra mat til lengri tíma til að hafa yfirsýn yfir matið þegar til lengri tíma er litið. Gera þarf áætlun um innra mat fyrir starfsárið og birta í starfsáætlun.

Stofna þarf matsteymi þar sem fulltrúar helstu hagsmunaaðila eiga sæti, eftir því sem við á.

Markvisst ætti að meta öll markmið skólanámskrár og hvernig gengur að ná þeim fram og skilgreina viðmið um árangur/gæði.

### Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

#### Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

#### Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefni mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

#### Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

#### Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.

- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.